



Fréttabréf

Naustaskóla

- Naustaskóli við Hólmatún - www.naustaskoli.is - agust@akureyri.is -

Fjöldi nemenda sem eru forskráðir í skólann:

1. bekkur: 25 nemendur
2. bekkur: 23 nemendur
3. bekkur: 16 nemendur
4. bekkur: 10 nemendur
5. bekkur: 13 nemendur
6. bekkur: 14 nemendur
7. bekkur: 9 nemendur

Alls 110 nemendur

Að sjálfsgöðu eru enn nokkrir að hugsa málið og má því gera ráð fyrir að nemendafjöldi næsta haust verði um 120. Hægt er að bæta við nemendum í forskráningu í gegnum heimasíðu skólans en formleg innritun verður svo væntanlega í febrúar.

1. tölublað, 1. árgangur,

12. desember 2008

Ábygðarmaður: Ágúst Jakobsson

Ágætu foreldrar/forráðamenn og nemendur

Hér má líta fyrsta fréttabréf Naustaskóla, er það birt á heimasíðu skólans og tilkynningu um útkomu þess dreift í tölvupósti til þeirra sem skráð hafa börn sín í skólann. Því er ætlað að miðla upplýsingum til foreldra og nemenda um stöðu mála við undirbúning skólans og þær línur sem þegar hafa verið lagðar vegna starfsemi hans.

Eins og íbúar Naustahverfis vita er skólinn svo gott sem risinn, þ.e. uppsteypu á veggjum er að verða lokið. Byggingin er nokkurn veginn á áætlun og engin ástæða til að ætla annað en að bæði bygging og lóð verði tilbúin í tæka tíð fyrir haustið en áætlað er að framkvæmdum ljúki um miðjan júlí.

Skólastjóri kom til starfa seint í september og hefur síðan unnið að undirbúningi, m.a. með því að kynna sér hvernig staðið er að málum annars staðar og leggja línur að starfsháttum skólans með hliðsjón af þeim áherslum sem urðu til í vinnu við hönnun húsnæðisins. Heimasíða skólans var opnuð fyrir skömmu og er þar að finna nokkuð af upplýsingum um skólann og áherslur hans og mun þar safnast í sarpinn smátt og smátt eftir því sem stefna skólans mótast. Hins vegar er í raun rétt að taka öllum hugleiðingum með nokkrum fyrirvara enn um sinn því margt getur átt eftir að breytast eftir því sem líður á stefnumótunina, og ekki síst þegar starfsemi skólans hefst og foreldrar, nemendur og starfsmenn fara að láta verulega til sín taka!

Ég vona hins vegar að það sem hér er að finna verði ykkur til upplýsingar og nýtist okkur einnig til umræðna í framhaldinu en fyrirhugað er að boða til frekari kynningarfundar fyrir foreldra og nemendur fljótlega eftir áramótin en þeir fundir verða auglýstir þegar nær dregur. Þá er von á því að foreldrar fái í tölvupósti beiðni um þátttöku í könnun nú á næstu dögum þar sem kannaðir verða hugir fólks til nokkurra atriða sem varða skipulag skólans.

Með von um gott samstarf á komandi árum,

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Skipting nemenda í umsjónarhópa

Áformað er að 1. bekkur verði í tveimur umsjónarhópum sem verði kennt að mestu leyti án blöndunar við aðra árganga nema hvað fram hafa komið hugmyndir um samstarf við elstu deildir leikskólans að einhverju leyti.

Gert er ráð fyrir að 2.-3. bekk verði kennt saman, þeir myndi 3 aldursblandaða umsjónarhópa og að jafnaði verði þar 2-3 kennarar við kennslu.

Í 4.-5. bekk og 6.-7. bekk er gert ráð fyrir fjórum umsjónarhópum alls og að 3-4 kennarar verði að jafnaði við kennslu þessara árganga.

Sjá nánar hugmyndir um fyrirkomulag kennslunnar á næstu blaðsíðum.....



Krakkarnir á Naustatjörn eru búin að vera að fylgjast með skólanum rísa og gerðu m.a. myndir af því hvernig þau sáu hann fyrir sér. Þessi glæsilega mynd er eftir Úrsúlu Nótt en fleiri myndir má sjá á heimasíðunni www.naustaskoli.is

Kennsluskipan í Naustaskóla - hugmyndir til umræðu og skoðunar

Lagt er upp með að kennsluhættir í Naustaskóla verði í nokkru frábrugðnir því sem við erum helst vön, þar er þó fremur um að ræða stigsmun en ekki eðlis því margt verður að sjálfsgöngu með líku sniði og venjan er í flestum skólum. Helsti munurinn felst í rauninni í því að kennt verður að mestu í aldursblönduðum hópum þar sem nemendum í tveimur árgöngum er blandað saman, bæði í umsjónarhópa og námshópa. Þá munu kennarar annast kennsluna í teyllum sem þýðir að tveir eða fleiri kennarar bera sameiginlega ábyrgð á kennslu hvers nemendahóps. Ætlunin er að lykilorð hvað varðar allt skipulag í skólanum sé sveigjanleiki. Þannig er gert ráð fyrir að kennarar hafi svigrúm til að skipuleggja kennsluna og verkaskiptingu sín á milli að nokkru leyti eftir því sem best hentar nemendum. Þannig geti stundaskrá líka tekið ákveðnum breytingum milli tímabila á vetrinum eftir þeim verkefnum sem í gangi eru hverju sinni, þó að ytri tímarammi haldi sér sem og fastir liðir eins og sund, íþróttir o.fl. . Hér má sjá dæmi um hvernig stundaskrá nemanda í Naustaskóla gæti litið út:

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
min	Næðisstund				
10	Umsjón				
20	Fundur	Samvera	Fundur	Samvera	Fundur
40	Áætlun	Áætlun	Þema	Áætlun	Þema
15	Nesti / hreyfing				
40	Áætlun	Áætlun	Þema	Áætlun	Þema
25	Frímínútur				
40	Sund	Smiðja t.d. myndm.	Smiðja t.d. heimilisfr.	Smiðja t.d. tónm	Smiðja t.d. íþróttir
40	Áhugaverkefni	Smiðja t.d. myndm.	Smiðja t.d. heimilisfr.	Smiðja t.d. uppl.tækni	Smiðja t.d. íþróttir
30	Matur				
40	Áhugaverkefni	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
10	Umsjón				

Skýringar:

Gert er ráð fyrir að hver dagur byrji og endi á því að nemendur hitti sinn umsjónarkennara þar sem farið er yfir verkefni dagsins. Þetta heitir “umsjón” á töflunni hér til hliðar. Að loknum umsjónartíma að morgni er gert ráð fyrir að þrjá daga í viku verði fundir, en með því er átt við að hver umsjónarhópur (og stundum stærri hópar) vinna eftir ákveðnu formi að því að leysa þau mál sem upp koma, taka fyrir ákveðin viðfangsefni í námi, þjálfa samskiptafærni

sína, að setja sig í spor annarra o.fl. (sjá kafla um uppeldisstefnu á bls. 4). Tvo daga í viku er svo gert ráð fyrir samverustundum þar sem nemendur og starfsmenn syngja saman, flytja atriði, sýna verk sín o.fl. Með framangreindum aðferðum nálgumst við töluverðan hluta námsmarkmiða aðalnámskrár hvað varðar t.d. lífsleikni, leikræna tjáningu o.fl. Að öðru leyti má segja að stundaskrá nemenda skiptist í grófum dráttum í fjóra hluta.

Það er í fyrsta lagi “áætlun” en með því er átt við að nemendur vinna skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara. Þarna er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Þarna vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum.

Í öðru lagi er um að ræða “þema” en með því er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5. og 6./7 en í einhverjum tilfellum verður nemendum blandað enn meira. Vetrinum verður skipt í nokkur tímatil og á hverju tímabili verða ákveðin þemu í gangi, þetta gefur líka tækifæri til sveigjanleika til að nýta styrkleika ákveðinna kennara með því að færa þá milli árganga í þemavinnunni, setja upp leikrit og söngleiki fyrir litlu-jól og árshátíð o.s.frv.

Í þriðja lagi eru svokallaðar “smiðjur” þar sem nemendur fara í kennslustundir (námskeið) í greinum eins og myndmennt, heimilisfræði, hönnun og smíði, textílmennt, upplýsingatækni, tónmennt, auk þess sem útikennslu og íþróttum verður hugsanlega fléttað inn í smiðjurnar (að sjálfsögðu er samt gert ráð fyrir að allir nemendur séu í íþróttum allan veturinn).

Í fjórða lagi er um að ræða “áhugaverkefni” þar sem nemendur vinna að því að dýpka þekkingu sína á viðfangsefni sem þeir hafa sérstakan áhuga á. Þarna geta nemendur haft mjög frjálsar hendur um efni og aðferðir, gera samning við kennara um verkefnið og fá aðstoð við það eins og unnt er. Verkefni af þessu tagi gefa nemendum kærkomin tækifæri til að sinna hugðarefnum sínum, vinna á skapandi hátt og miðla af sérfræðiþekkingu sinni og áhuga til samnemenda sinna.

Athugið að ekki er að finna tímasetningar á stundatöflunni hér til hliðar. Eitt af því sem eftir er að ákveða er hvort hefja eigi kennslu síðar en kl. 8:00 en rannsóknir hafa sýnt að það geti stuðlað að betri námsárangri meðal nemenda, að því gefnu að þau fái meiri svefn fyrir bragðið, skoðanir foreldra á þessu verða m.a. kannaðar á næstunni.

Þá er tekið fram að kennslustundafjöldi á töflunni hér til hliðar miðast við nemendur í 1.-4. bekk (30 kst. á viku) en hjá 5.-7. bekk myndi bætast við ein kennslustund á dag (35 kst. á viku).

Spurningar og svör

Verður ekki ægilegur hávaði í Naustaskóla fyrst kennslurýmið verður svona mikið opið?

Svar: Það eru engar sérstakar líkur á því. Þó að kennslurýmið séu opnari en gengur og gerist eru þau samt “hólfuð” með lokuðum kennslustofum sem ganga sitt á hvað inn í stóru kennslurýmið (sjá má teikningar á heimasíðu skólans). Það gerir það m.a. að verkum að hljóð mun ekki berast endanna á milli eins og maður ímyndar sér að geti gerst ef um ferkantaðan sal væri að ræða. Þessi minni rými nýtast einnig til að dreifa hópnum, sem og fyrir þá nemendur eða hópa sem þurfa algjört næði. Þá er sérstaklega hugað að hljóðvistinni við hönnun hússins ólíkt mörgum kennsluhúsnæðum sem við þekkjum. Einnig má geta þess að til að byrja með verður rúmt um okkur og hægt að dreifa nemendum nokkuð um húsið ef við viljum, þegar svo fer að þrengja að okkur gerum við ráð fyrir að seinni áfanginn verði risinn með sérgreinastofum sem nemendur dreifast einnig um, þannig verða sjaldnast allir nemendurnir í einu inni á sínu heimasvæði. Þar sem undirritaður hefur skoðað skóla með opnum svæðum hefur honum ekki fundist tiltakanlega meiri hávaði í kennslustundum en gengur og gerist í lokaðri kennslustofum, í flestum tilfellum hefur þvert á móti verið mjög gott næði og mikil vinna í gangi. Það er að sjálfsögðu líka undir okkur komið að búa til góðan vinnuanda í húsinu.

Hentar skólinn börnum með ofvirkni og/eða athyglisbrest?

Svar: Já, vonandi eins og öllum öðrum! Hugmyndin er að leitast við að búa til skóla sem hentar öllum börnum og að þörfum þeirra verði mætt eins vel og kostur er. Foreldrar barna sem láta auðveldlega truflast af umhverfinu og eiga erfitt með einbeitingu eða skipulag hafa skiljanlega áhyggjur af því að breytt skólaumhverfi geri börnum þeirra erfiðara fyrir. Það þarf hins vegar alls ekki að vera og þarna eins og annars staðar er lykilorðið “sveigjanleiki”. Það að fleiri kennarar sjái um kennslu nemendahóps getur gefið sveigjanleika til að skipta nemendum í hópa eftir því sem best hentar, í stað þess að alltaf séu allir í ámóta stórum hópum er hægt að leitast við að hafa nemendur sem erfiðara eiga með einbeitingu í minni hópum og húsnæðið býður líka upp á að þeir sem vilja mikið næði geti fundið það. Sumir hafa lýst áhyggjum sínum af því að margbreytileg hópaskipting geti virkað ruglingsleg fyrir krakkana. Því þurfum við að mæta með því að hafa skýrt og gott skipulag, fara yfir verkefni dagsins að morgni og hafa skipulagið sýnilegt og aðgengilegt fyrir nemendur. Auk þess verðum við væntanlega ekki stöðugt að skipa í nýja hópa heldur eigi krakkarnir nokkra ákveðna vinnuhópa sem geta verið mismunandi eftir viðfangsefnum.

Kynningar- og umræðufundir fyrir foreldra verða auglýstir í byrjun janúar, fram að þeim tíma eru foreldrar hvattir til að senda spurningar og hugleiðingar á netfangið agust@akureyri.is eða í gegnum fyrirspurnarkerfi á heimasíðu skólans, <http://www.naustaskoli.is>

Hugmynd að uppeldisstefnu skólans - jákvæður agi

Í undirbúningsvinnu vegna hönnunar skólans voru sett þau markmið að skólinn skyldi einkennast af víðsýni, hlýju og samvinnu þar sem lögð væri áhersla á að byggja upp sjálfstæða einstaklinga með jákvæða sjálfsmýnd. Ljóst er að uppeldisstefna skólans þarf að taka mið af þessu og í því ljósi hefur skólastjóri verið að kynna sér hugmyndafræði sem hann telur að þjóni þessum markmiðum vel. Um er að ræða stefnu sem nefnist "Positive discipline" og er náskyld Uppbyggingarstefnunni sem margir skólar hér á landi eru að innleiða. Þessar stefnur eiga það sameiginlegt að vera sprottnar út frá sömu rót, þ.e. svokallaðri "sjálfstjórnarkenningu", sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum. Hugmyndafræðin "jákvæður agi" gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjálfaðir markvisst með bekkjarfundum. Þetta eru:



- **Sjálftraust.** (Viðhorf nemanda: "Ég get") Til að þróa með sér sjálftraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómar um velgengni eða mistök, rétt eða rangt.
- **Að tilheyra** (Viðhorf nemanda: "Ég tilheyri og mín er þörf"). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega.
- **Áhrif.** (Viðhorf nemanda: "Ég hef áhrif á umhverfi mitt og líf"). Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu. Bekkjarfundir búa til aðstæður þar sem nemendur geta upplifað að það sé í lagi að gera mistök og að hægt sé að læra af þeim.
- **Innsæi / tilfinningagreind.** Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsga, sjálfstjórn og að læra af reynslunni
- **Samskiptahæfileikar.** Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð.
- **Ábyrgð.** Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika.
- **Dómgreind.** Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati.

Bekkjarfundir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa framangreind atriði í öruggu umhverfi. Því er lögð mikil áhersla á að kenna rétta framkvæmd þeirra, þeir séu haldnir eftir settum reglum og nægilega oft. Hins vegar fylgja stefnunni einnig fleiri atriði eins og að starfsmenn læri að skilja ástæður "rangrar" hegðunar nemenda, að samskipti þeirra við nemendur séu hvetjandi, að byggt sé upp traust og gott samband milli heimila og skóla, að starfsmenn vinni saman í teyrum og hjálpist að við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma, og síðast en ekki síst gerir hugmyndafræðin ráð fyrir að kennarar tileinki sér fjölmargar hagnýtar aðferðir við bekkjarstjórnun. Örlítið nánari útskýringar á stefnunni er að finna á heimasíðu skólans en skólastjóri vinnur að þýðingu og staðfæringu á ýmsum textum og gögnum varðandi stefnuna sem birtast munu með tíð og tíma. Þá verður gerð nánari grein fyrir stefnunni á kynningarfundum eftir áramótin. Þeir sem eru sérlega áhugasamir gætu einnig fundið frekar upplýsingar á vefslóðunum; www.posdis.org, og www.positivediscipline.com.

Skólastjóri hefur aðsetur á skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26

Netfang: agust@akureyri.is sími 460-1454, farsími 847-8812